

Pentikäinen gegen Finnlandi

Dómur frá 4. febrúar 2014

Mál nr. 11882/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Mótmæli. Fyrirmæli lögreglu. Blaðamenn.

1. Málsatvik

Kærandi er ljósmyndari og blaðamaður hjá finnsku tímariti. Árið 2006 var hann sendur til að fylgjast með mótmælum á götum Helsinki. Þrátt fyrir að blaðamönnum hafi verið úthlutað sérstöku öruggu svæði til að fylgjast með mótmælunum ákvað hann að vera í hópi mótmælendanna. Þegar óeirðir brutust út vegna mótmælanna lokaði lögregla svæðið af og skipaði mótmælendum að yfirgefa það. Flestir mótmælendurnir urðu við þessum fyrirmælum lögreglu en um 20 neituðu að yfirgefa svæðið þ.á.m. kærandi. Lögregla skipaði þeim aftur að yfirgefa svæðið og tók fram að þeir sem hlýddu ekki fyrirmælunum yrðu handteknir. Kærandi vildi ekki yfirgefa svæðið, enda taldi hann að fyrirmæli lögreglu beindust aðeins að mótmælendunum. Hann var þó handtekinn ásamt mótmælendunum og var í haldi lögreglu í 17 klukkustundir. Ekki er ljóst á hvaða tímapunkti lögreglan komst að því að hann væri blaðamaður. Kærandi var sakfelldur í undirrætti fyrir að hafa ekki farið að fyrirmælum lögreglu en honum var ekki gerð refsing fyrir brotið. Áfrýjunardómstóll staðfesti þann dóm og áfrýjun hans til Hæstaréttar var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að handtaka hans og sakfelling hafi skert tjáningarfrelsi hans sem blaðamanns og þar með brotið gegn 10. gr. sáttmálans

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að handtaka kæranda og sakfelling hans hafi falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsi hans. Takmörkunin hafi verið byggð á settum lögum í því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir óeirðir og glæpi. Dómstóllinn tók því til skoðunar hvort gætt hafi verið meðalhófs við takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda. Dómstóllinn taldi að kærandi hafi fengið fjölmörg tækifæri til að fylgjast með mótmælunum á öruggan hátt á öruggu svæði lögreglu en hann hafi sjálfur tekið þá ákvörðun að slást í hóp mótmælenda. Ekki hafi verið komið í veg fyrir að hann myndaði mótmælendur eða fylgdist með því sem fram fór. Þá hafi hann sjálfur tekið þá ákvörðun að yfirgefa ekki svæðið ásamt meirihluta mótmælenda skv. fyrirmælum lögreglu. Því taldi dómstóllinn að skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hafi verið mjög takmörkuð. Þá hafi sakfelling kæranda ekki beinst gegn störfum hans sem blaðamanns heldur vegna þess að hann neitaði að fara að fyrirmælum lögreglu. Dómstóllinn tók þá til skoðunar hvort skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hafi verið nauðsynleg og hvort dómstólar hafi tekið nægjanlegt tillit til réttinda kæranda við meðferð málsins. Dómstóllinn taldi að yfirvöld hefðu í raun viðurkennt að umfjöllun um mótmælin væru fréttæfni sem ætti ríkt erindi til almennings. Þá hafi dómstólar tekið sérstakt tillit til 10. gr. sáttmálans og þeirra réttinda sem greinin tryggði kæranda. Finnskir dómstólar höfðu komist að þeirri niðurstöðu að rík nauðsyn hafi verið til að takmarka réttindi kæranda vegna almannahagsmuna, enda hafi lögregla verið að reyna að koma í veg fyrir óeirðir með aðgerðum sínum. Dómstóllinn tók einnig fram að kæranda hafi ekki verið gerð refsing vegna þeirra brota sem hann var sakfelldur fyrir og brotin hafi ekki verið skráð á sakaskrá hans. Þegar tekið væri tillit til þess svigrúms sem yrði að ljá aðildarríkjunum í þess háttar málum, þá hafi dómstólar gætt meðalhófs við matið á réttindum kæranda gegn hagsmunum ríkisins. Því taldi dómstóllinn að ekki hafi verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Tveir dómamarar skiluðu séráliti.